


Hugmyndir frá ungmennaráði Reykjanesbæjar varðandi „Hvar okkur finnst ábótavant varðandi gangandi vegfarenda.“

1. Það að malbika malarvegs göngustíginn milli Krossmóa og Reykjaneshallar væri afar góð hugmynd þar sem tugi barna ganga þar á milli til að fara á t.d æfingar og í skólan. Þar að leiðandi sérstaklega eftir að Myllubakkaskóli færði sig í akademíuna fara nú enn fleiri börn þarna á hverjum degi.


Mynd :



2. Hér eru einnig dæmi um það hvar gott væri að setja göngustíga á grasfleti þar sem mikið af fólki sést labba þar daglega á.








3. Það mætti betrumbæta gangbrautina á milli Nesjavalla og Njarðarbraut og er nauðsyn að fá blátoppa þar yfir þar sem alla daga labba mörg börn þar yfir til að komast í t.d Fjörheima, tónlistarskólan, Krossmóa, Reykjaneshöllina og annað slíkt. Mikil hættu er á slysum að næturlagi og væri þá mikil bæting að fá blátoppa og/eða ljósastaura þar yfir.



4. Hér fara mörg ungmenni á dag til að stunda líkamsrækt við Nordic training. Mörg hver taka strætó til að komast þangað en er erfitt að finna hvernig þau komast að

rætkinni. Það er kannski ekki stærsta vandamálið heldur er aðgengið þarna frekar furðulegt og fólk sem t.d hjólar eða labbar í og úr Innri Njarðvík og Ásahverfinu finnst knúið að finna leiðina til þess að komast í gegnum þennan hluta.

Við erum að setja þetta hingað til að fá hugmyndir af lausnum.



5.

Þetta svæði er eitt af því versta þegar kemur að aðgengi fyrir gangandi vegfarendur, óljóst er hvernig þeir eiga að ganga þennan hluta götunnar, einnig er aðgengi fyrir hjólríðafólk mjög slæmt á þessum kafla þar sem gangbrautir og gangstéttir eru mjög litlar og grannar og nálægt umferðinni. Margir ganga þessa leið þar sem þetta er leiðin frá strætóstoppistöðinni við Krossmóa í matarhjálp fjölskylduhjálpar og þarna er líka pósthús, veitingastaðir og Fjörheimar Félagsmiðstöð,

Núverandi fyrirkomulag er svona, það eru margar leiðir fyrir bíla til að komast sínar leiðar sem veldur gangandi og hjólandi vegfarendum erfiðleikum í að komast sína leið, einnig eru leiðirnar milli gangbrauta mjög torfærar og lítið um upphækkanir á milli gangbrauta.



Hér er tillaga til að gera gangandi og hjólandi vegfarandum auðveldara að komast sína leið en hún er að gera göngustíga meðfram akbrautum báðu megin, hafa upphækkunar milli mismunandi kafla göngustíganna svo að hjólandi og gangandi komast auðveldara á milli staða og í leiðinni á öruggari máta. Breytingin gæti til að mynda svipað til þeirra breytinga sem gerð var á borgartúni í Reykjavík



Sjá fleiri myndir af borgartúns breytingum.



